

miðjum fimmtudegi og veiddi ágætlega. Hann kom loks á laugardagsmorgni með þvilíkar græjur að enginn norðan heiða hafði séð annað eins - veiddi - eða skyldi ég segja loftaði um græjurnar - í tvo tíma eða svo - sagðist síðan þurfa að halda konsert á Akureyri og dró mig með sér þangað rétt um kaffileytið þennan sama dag. Við brutum Firebird sportbifreið í spað á leiðinni norður - milljón down the drain - tókum síðan létt gigg á Oddvitanum, því næst party undir morgun og þá eikon og begg á hótelinu. Þá tók við stapp um að redda bílaleigubil aftur í Vatnsdalinn og þangað vorum við komnir á afgömlum súbarú um klukkan eitt á sunnudegi - síðasta veiðidegi túrsins.

Popparinn var þó hvergi af baki dottinn, sagðist vilja ná sér í soðið - loftaði aftur um græjurnar sínar. Setti saman fullt af stöngum,


fyrir línur 4, 6, 8 og ég veit ekki hvað. En þá varð hann svangur. Og við inn í hús að athuga hvað væri til - veiðitímanum rétt að ljúka - og þá sagði vinurinn - heyrðu, Raggi minn, eigum við nokkuð að nenna þessu? Þetta er bara stress niður eftir og 2-3 köst og síðan búið. Æi, skellum okkur bara suður. Og síðan var öllu pakkað saman á ný og brunað í bæinn. Ég hafði veitt í einn og hálfan dag af þremur og hann í eina og hálfu klukkustund af þrjúhundruð og þremur.

Og þetta kallar maður veiðifélaga!

Þess vegna, það er að segja vegna þess að maður á enga skemmtilega veiðifélaga, ákvað ég að harðneita að halda ræðu hérna í kvöld. Þakka gott hljóð og bið ykkur vel að lifa.

Ragnar Hólm Ragnarsson # 511

**FLUGUSTANGIRNAR  
FRÁBÆRU FRÁ SAGE**



Sérverslun fyrir fluguveiðimenn

**ÁRMÓT**

**Þorsteinn Þorsteinnsson**  
Flólagata 62 - 105 Reykjavík

Sumir velja sér  
tvo lífsförunauta  
um ævina

*Scott*  
er annar þeirra

Flugustangir með  
lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:  
Intersport  
Útliif  
Veiðibúðin við Lækinn  
Vesturröst

# ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Febrúar 2002

## Aðalfundur Ármanna 2002

Aðalfundur Ármanna var haldinn miðvikudagskvöldið 23. janúar í Árósum, Dugguvogi 13. Mæting var eins og verið hefur undanfarin ár, þónokkuð góð, og gengu aðalfundarstörf fyrir sig með hefðbundnum hætti.

Ný stjórn hittist á sínum fyrsta fundi 3. febrúar og skipti með sér verkum sem hér segir:

Formaður: Jóhanna Benediktsdóttir  
Varaformaður: Ragnar Hólm  
Gjaldkeri: Kristbjörg Sigurfinnsdóttir  
Ritari: Örn Svavarsson  
Meðstjórnendur: Ásgeir Ásgeirsson,  
Heiðar Rafn Harðarson og Hjálmar  
Theódórsson

Á fyrsta stjórnarfundinum var ennfremur ákveðið að Hjálmar Theódórsson gegndi áfram formennsku í húsnefnd og sæi um að halda félagatali Ármanna til haga; Ragnar Hólm væri ritstjóri Áróðs; Þorsteinn G. Gunnarsson yrði formaður fræðslunefndar; og Ásgeir Ásgeirsson yrði vefstjóri.

Ákveðið var að Bragi Guðbrandsson, Kolbeinn Grímsson og Svend Richter

sætu áfram í Grenlækjarnefnd; Ásgeir Ásgeirsson, Halldór Sigurðsson, Heiðar Rafn Harðarson og Kristján Sigurðsson sitja í Hliðarvatnsnefnd; og í veiðiöflunarnefnd eru nú Daniel Jakob Pálsson, Guðmundur Haukur Jónsson og Hilmar Finnsson.

Annars er það af aðalfundinum að segja að tillaga Ragnars Hólms um að breyta einkunnarorðum félagsins aftur í "landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu" var samþykkt með nokkrum meirihluta. Líflegar umræður spunnust um málið og ekki er loku fyrir það skotið að eitthvað verði um málið ritað hér á síðum Áróðs næstu mánuðina. Væri það vel til fundið því blaðið á að vera opið fyrir opin skoðanaskipti og umræður meðal félagsmanna.

Stjórnin hyggst halda uppi merki forvera sinna og stuðla að öflugum félagsstarfi í Árósum og víðar. Stefnt verður að því að tryggja félaginu ný veiðisvæði á næstu misserum, fjölga um leið félagsmönnum og gera Ármenn að öllu leyti öflugara félag sem stuðlar áfram að úbreiðslu fluguveiði hérlendis.

Stjórnin

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu,  
Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

<http://www.if.is/armenn>, [armenn@if.is](mailto:armenn@if.is).

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, [rholm@lina.is](mailto:rholm@lina.is).

**ARMENN**

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

**Munið opið hús 4. mars!**

## Dagskráin í Árósum

Mánudagskvöldið 4. mars	kl. 20.00	Hnýtari kemur í heimsókn Sala ósóttra og lausra veiðileyfa
Miðvikudagskvöldið 6. mars	kl. 20.00	Sjávarvistfræði laxa: Jóhannes Sturlaugsson frá VMST
Mánudagskvöldið 8. apríl	kl. 20.00	Hnýtari kemur í heimsókn
Sunnudagurinn 14. apríl	kl. 14.00	Vorfagnaður Ármanna
Miðvikudagskvöldið 24. apríl	kl. 20.00	Fyrirlestur - efni óákveðið
Mánudagskvöldið 5. maí	kl. 20.00	Hnýtingakynning

Skegg og skott starfar af fullum krafti á mánudagskvöldum. Mætið með þvinguna og hnytið flugurnar sem hann tekur. Á miðvikudagskvöldum er húsið opið til skrafs og ráðagerða. Opið er frá kl. 20.00 til 22.00 samkvæmt venju. Kastkennslan er iðkuð kl. 10.30 alla sunnudagsmorgna í íþróttahúsi Kennaraháskólans, hvetjið vini og aðra til þátttöku.

Dagskrá gæti breyst og verður það þá auglýst sérstaklega hér í Áróði.

### Ósott veiðileyfi seld 4. mars!

Stjórn Ármanna vekur athygli allra félagsmanna á því að ósott og laus veiðileyfi á svæði félagsins verða seld lysthafendum mánudagskvöldið 4. mars í Árósum.

Það er orðinn árlegur viðburður að þessi háttur sé hafður á og ná margir að krækja sér í góð leyfi á þessum markaði.

Um er að ræða ósott leyfi í Hlíðarvatn og Grenlæk, en einnig skal vakin á því sérstök athygli að enn eru lausar stangir í Grímásá sumarið 2002. Að auki getum við enn útveg-

að í umboðssölu leyfi í Skálmardalsá og Mið-fjarðará.

Nú er um að gera fyrir veiðipyrsta Ármenn að fjölmennu í Árósa mánudagskvöldið 4. mars kl. 20.00 stundvíslega og næla sér í veiðileyfi sem allir gírnast.

Stjórnin



SÉRVERSLUN FYRIR VEIÐIMENN

# VESTURRÖST

Laugavegi 178, 105 Reykjavík, Símar 551 6770 og 581 4455  
Fax 581 3751

Og þess vegna var hópur manna kominn niður á “Brandanes vestra” eldsnemma morguns síðasta veiðidaginn okkar í Vatnsdalnum til að verða vitni að því þegar við Bragi reyktum tvær síðustu sigaretturnar mínar á helgum stað. Við stilltum okkur upp við skiltið á nesinu og allt lofaði mjög góðu, þar til Stebbi Hjalt kom þar aðvifandi með myndavélina sína, smellti af í gríð og erg, og sagði síðan að hér eftir hétu þessi frómi veiðistaður “Brandaranes versta”.

Þar með misstum við Bragi trúna og vissum að innan tíðar yrðum við byrjaðir að reykja aftur, enda stóð aldrei neitt annað til, að minnsta kosti ekki af Braga hálfu. Þegar ég hringdi í vininn - eftir að ekið hafði verið fram hjá fyrstu sjoppunni á suðurleið - þá heyrði ég að hann púaði ógurlega - og leyfist mér að segja nautnalega - milli þess sem hann stundi upp setningum um það hversu yndislegt það væri að vera laus við þennan fjanda og hvað það væri gott að núna væri svo gott sem engin fýla í bílnum lengur. Innan tíðar ók ég inn í reykjaslæðuna sem lagði aftur af pæjerónum.

Og síðan er það skriðdrekkinn Svend Richter - ekki er það nú skárrí pappír. Svo ákafur í veiði að hann minnir sífellt meira á Hafnfirðing nokkurn sem skriður yfir hægri öxlina á manni ef maður lætur svo lítið að segja að maður hafi orðið var. Ef maður dregur hins vegar fisk að landi, þá er þessi sami gaflari óðara kominn beint fyrir framan mann og það eina sem maður gæti haft upp úr frekari köstum væri þá helvítis húfan hans.

Svend er ekki svona grófur en með sama framhaldi verður hann orðinn miklu miklu verri en umræddur Hafnfirðingur eftir 1-2 ár.

Að vísu hefur tannlækirinn það fram yfir barnahirðinn, að hann er ágætur að vera með - það er að segja ágætur félagi þannig lagað séð. Gefur oft góðar samlokur úr kassanum sínum en þolir hins vegar illa ef maður spyr “hvað er á milli”.

Ég var með Svend og foringjanum Kolbeini Grímssyni í Hlíðarvatni síðasta vor, og þar gerðum við miklar rósir með flugu sem heitir, eða fékk á staðnum, nafnið Augngeiri. Ég furðaði mig svolítið á þessari nafngift sem þeir kumpánar sögðu að væri

augljós þar sem flugan er með kúluaugu líkt og Nobbler. Skömmu síðar - þegar ég var hættur að verða var og Svend sá þar af leiðandi lítila ástæðu til að vaða fram fyrir mig - tja þá fékk ég söguna alla - eða flestalla.

Feit mjaltarkona hafði komið inn í stórverslun Steina og Kolbeins á Flólagötunni og spurt um Augngeira. Þeir horfðu agndofa hvor á annan - veist þú þetta, þekkir þú fluguna, kannst þú svarið? Nei, þeir stóðu báðir, aldrei þessu vant, á gati.

Hvernig fluga er þetta, frú mín góð? spurði þá Steini, algjörlega edru.

Jú, hún hafði séð hana fyrir norðan í Laxá, hitti þar ágætan dreng sem hafði veitt heil ósköp á Augngeira - og hún var svona hvít og svört... og heyrðu! Þarna er hún -- nema það vantar augun, sagði konan og benti á Black Ghost undir glerborði þeirra félaga.

Einhverjum snillingnum hafði sem sagt dottið í hug að setja Nobblers-kúlar á Black Ghost og þóttist þar með vera orðinn höfundur úrvalls urriðaflugu og ekkert meira með það! Augngeirinn sem við notuðum í Hlíðarvatni var hins vegar ekki Black Ghost með augu, heldur pínulítill og einföld silfurlituð fluga.

Fyrst datt mér náttúrlega í hug að höfundur Black Ghost Nobblersins hlyti að vera Bragi Guðbrandsson - Svend og Kolbeinn sögðu nei og þá kom mér enginn annar í hug en blessaður kokkurinn, Stebbi Hjalt, sem er náttúrlega landsfrægur fyrir að hnýta Nobblersera í akkorði og væri alveg trúandi til að missa þaðherbergis-keðjukúlurnar ofan á einn og einn Black Ghost án þess að taka eftir því - en allt kom fyrir ekki. Þá kimdu þeir Kolbeinn og Svend alveg rosalega og vildu ekki segja orð um þetta meir. Og þar með var ég búinn að fá söguna flest-alla...

Svona eru þessir kallar sem inn á milli þykjast svo vera vinir manns. Skilja mann eftir úti í kuldanum, alveg blankan og frá engu skemmtilegu að segja.

En líklega er nú samt furðulegasta veiðisaga síðasta sumars úr veiðiferðinni sem ég fór með vini mínum Björgvini Halldórssyni stórsöngvara.

Það er einfalt að segja frá því: Hann var með mér á stöng í Vatnsdalnum. Ég mætti á

Upp í huga mér kom dirrindi, spegil-sléttur vatnsflötur, sunnan andvari, litlir kossar urriðanna sem vaka á Vörðufloa neðan-verðum, lyngið, ilmurinn af lilju vallarins, Stefán Jón Hafstein og Guðni Kolbeins.

En allt í einu fannst mér ég vera kominn í ógöngur - ég veit ekki af hverju, hvorum það var að kenna, Guðna eða Stefáni Jóni - og því setti ég undir mig hausinn, tók á mig rögg og spurði mófuglana sem tístu undir glugganum mínum í sumarblíðunni fyrir norðan, hvort það hefði virkilega ekki gerst eitthvað skemmtilegt síðasta sumar. Gerðist ekkert sniðugt í veiðiferðunum með veiðifélögum mínum?

Og síðan fór ég að hugsa... aftur.

En hvernig sem ég braut heilann - þversum eða langsum - hversu marga bjóra sem ég drakk, þá kom bara ekkert - ekki nema kannski Bragi Guðbrands.

Þótt hann sé stríðnari en andskotinn þá getur hann samt verið voða vinalegur, til dæmis þegar hann gaf mér meðmæli um daginn. Einhver kona fyrir norðan hringdi í hann og spurði hvort þessum drengstaula sem hér stendur væri treystandi. Bragi hélt hálf tíma lofræðu um undirritaðan og loks þegar norðlenska konan komst að - dauðleið á gasprinu í Braga - spurði hún hvort Ragnar hefði virkilega enga galla. Það kom smá þögn en síðan svaraði Bragi hæglátur: Tja, ég hef

allavega ekki komið auga á þá og á því ekki von á að Norðlendingum takist það.

Og annað dæmi um vinarhót þessa Braga var þegar hann stappaði í mig stálinu í Vatnsdalnum í fyrra og sagðist ætla að kenna mér að hætta að reykja - það gerðist þegar hann var að verða búinn með allar sigaretturnar mínar og nennti ekki inn á Blönduós að sækja fleiri. Þá sagði Bragi: Heyrðu karlinn minn, núna reyki ég þrjár af þessum fimm sigarettum sem eftir eru í pakkanum þínum, síðan skiptum við þessum tveimur bróðurlega á milli okkar og steinhættum að reykja for life.

Bragi er eins og mörg ykkar vita mikill snillingur í sjálfsstjórn og sérsvið hans er að hætta að reykja. Þar hefur hann aðeins tvær reglur í hávegum: Í fyrsta lagi að vera ekki fanatískur og í öðru lagi að taka ekki ofan í sig. En þarna í Vatnsdalnum, var ég náttúrulega eins og alltaf, sami sakleysinginn og sagði því bara já takk, þegar mér bauðst aflausn frá nikótínfjandanum. Ég sagði því við Braga - já, þú ert góður drengur - enda hefur mér alltaf fundist að svona barnahirðar væru eins og engillinn sem var á veggmynd í herberginu mínu á Akureyri þegar ég var sex ára - hann stóð yfir systkininum tveimur á bjargbrúninni, varnaði því að þau hryndu niður í hylðýpið og var einhvern veginn - alveg eins og Bragi á svipinn. Þess vegna þóttu mér orð hans gulls igildi.



## Skýrsla stjórnar 2001-2002

Þær breytingar urðu á stjórn félagsins á síðasta aðalfundi að úr stjórn gengu þeir Hilmar Finnsson varaformaður og Grétar Skúlason formaður húsnefndar. Að öðru leyti var stjórnarskipan óbreytt frá fyrra starfsári.

Stjórn Ármanna starfsárið 2001 var skipuð eftirfarandi félagsmönnum:

Formaður: Hannes Jóhannsson  
Varaformaður: Ágúst Ú Sigurðsson  
Gjaldkeri: Þórhallur Vilhjálmsson  
Ritari: Guðmundur Haukur Jónsson  
Meðstjórnendur: Eiríkur Einarsson,  
Hjálmar Theodorsson og Hjálmar Bjarnason

Á árinu voru bókaðir 15 stjórnarfundir en að auki voru haldnir ýmsir vinnufundir.

Starfandi nefndir eru eftirfarandi.

Hlíðarvatnsnefnd: Halldór Sigurðsson formaður, en með honum starfa Heiðar R. Harðarson, Kristján Sigurðsson og Ásgeir Ásgeirsson. Hús og skemmtinefnd: Hjálmar Theodorsson en aðrir nefndarmenn eru Gísli Helgason, Ásbjörn Jónsson, Egill Örn Árnason, Hjálmar Sæbergsson og Einar H. Sigurðsson. Fræðslunefnd: Nefndina skipa: Þorsteinn G. Gunnarsson formaður. Aðrir nefndarmenn, Kolbeinn Grímsson, Ragnar Hólm Ragnarsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Heiðar R. Harðarson, Stefán Hjaltested, Ágúst Viktorsson, Ágúst Ú. Sigurðsson og Hilmar Finnsson. Grenilækjarnefnd: Svend Richter formaður. Aðrir í nefndinni eru þeir Bragi Guðbrandsson, Stefán Hjaltested og Kolbeinn Grímsson. Veiðiöflunarnefnd: Daniel Jakob Pálsson og Hilmar Finnsson. Ritstjóri og umsjónamaður Áróðs er Ragnar Hólm Ragnarsson. Vefsíðuna annast Eiríkur Einarsson.

Framboð veiðisvæða í fyrra var það sama og verður næstk nk. sumar. Nokkuð færri umsóknir bárust í ár en sumarið þar áður eða 154 en 161 í fyrra.

Veiðin í Hlíðarvatni sl. sumar var venju fremur góð. 1512 bleikjur voru færðar til bókar, en 855 sumarið þar áður.

Nokkra athygli vekur að veiðin dreifist frekar jafnt milli mánaða. Júní mánuður sker sig ekki úr sem langgjöfulasti mánuðurinn eins og oft hefur verið. Veiðin í maí, júlí og ágúst var einnig góð og trúlega hefði ekki verið mikið lát á veiðinni í september ef sókn hefði haldist óbreytt. Agnið sem skilar rösklega helming veiðinnar er enn sem fyrr peacock.

Margar umsóknir bárust eins og venjulega í Hlíðarvatnsleyfin. Okkur í stjórn sýnist sem nýjar úthlutunarreglur leggjast vel í menn og má segja að flestum helgum hafi þegar verið úthlutað á A hópumsóknir. Eftir sem áður eru margir að fá úthlutað þremur stöngum á virka daga á besta veiðitíma.

Góð sala var á veiðileyfum í Grenilæk í fyrra og umtalsvert meiri en árið á undan. Okkur stjórnarmönnum var nokkur vandi á höndum varðandi verðlagningu leyfanna í fyrra þar sem við urðum að hækka þau nokkuð þar sem áhætta vegna óseldra leyfa er nú öll félagsins en var áður skipt milli okkar og bænda. Jafnframt var tekinn upp kvóti sem ekki var áður. Við förum því frekar varlega í hækkan leyfanna og vonuðum að um 10% álagning myndi nægja til þess að skila veiðileifasölu í Grenilæk taplausri. Það er skemmt frá því að segja að þrátt fyrir góða sölu náðust ekki endar saman og um 300.000 kr. tap varð á veiðileifasölu í Grenilæk.

Ákveðið var að hækka álagninguna leyfanna nokkuð í ár. En 60 stangardögum hefur verið úthlutað nú þegar miðað við 71 á samátíma í fyrra. Það er því ljóst beita þarf nýjum aðferðum við veiðileyfásölu í ár ef félagið á ekki á að lenda í sömu vandræðum.

Hér á eftir verður farið betur yfir þetta mál og önnur fjármál félagsins þegar Þórhallur gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum félagsins. Veiðin í Grenilæk s.l. sumar var nokkuð góð og veit ég til þess að óvanir menn fóru í Flóðið um mitt sumar og veiddu vel af bleikju og urriða.

Endurnýjaður var samningurinn við þá Arnar og Agnar til eins árs með viljayfirlýsingu um framlengingu til þriggja ára.

Ármenn buðu eitt þriggja daga holl í Grímsá eins og áður. Ég hef ekki haldþættar veiðitölur, en fregnir herma að veiðin hafi verið í meðallagi. Samkvæmt nýjum úthlutunarreglum geta tveir félagsmenn sótt um eina stöng saman sem vegur þyngra en ef einn sækir. Þennan kost nýttu margir sér í ár þannig að allir sem um sóttu fengu leyfi og eru enn tvær stangir lausar.

Vatnsdalsá reyndist félagsmönnum gjöful í fyrRASumar. Aftur verður boðið upp á 10 stangahöll í þessari ágætu á. Enn þá eru tvær stangir óseldar í hollid næsta sumar.

Veiðin í Skálmadalsá var eins og oft áður nokkuð misjöfn en í heildina séð vel viðunandi.

Silungasvæðið í Miðfarðará reyndist Ármönnum nokkuð vel að sögn, en þar voru menn að setja í vænar bleikjur. Enn eru þrjú síðustu hollin óseld fyrir næsta sumar.

Ekki hefur frést mikið af veiði í Þingvallavatni, en það er von stjórnar að félagsmenn nýti þetta ágæta veiðivatn sem best. Félagsmenn njóta sömu réttinda varðandi veiði í vatninu næsta sumar og sl. sumur. Menn mega ekki gleyma því að félagið kaupir veiðileyfi fyrir alla félagsmenn í vatninu. Mörgum hættir við að fara langt yfir skammt og gleyma þessari perlu sem sem er svo skammt frá höfuðborginni.

Á árinu hlutu sautján nýir félagar innngöngu í Ármenn, sem er gleðiefni en í fyrRA voru þeir fjórtán.

Félagslíf Ármanna var með hefðbundnum hætti sl. starfsár. Fluguhnýtingar voru og eru stundaðar mánudagskvöld og á nokkur þeirra hafa gestahnýtarar hafa mætt og sýnt listir sínar. Erindi og kynningar hafa verið miðvikudagskvöld að venju þar sem fiskifræðingar hafa flutt erindi hvert öðru betra og fróðlegra.

Meðal þeirra sem fluttu okkur erindi eru Bjarni Kristjánsson, Jóhannes Sturlaugsson og Magnús Jóhannesson.

Haldin voru Litlu jöl og þorrablót að venju og er ekki úr vegi að minna á þorrablótið nk. föstudagskvöld.

Vorfagnaður með happdrætti var einnig haldinn og farið var í hreinsunarferð að Hlíðarvatni.

Almennur félagsfundur var haldinn 7. nóvember þar sem m.a. voru kynntar nýjar úthlutunarreglur.

Margir sóttu kastkennslu Ármanna sem fræðslunefndin stendur fyrir. Áróður kom út samkvæmt venju undir stjórn Ragnars Hólm Ragnarssonar og vefsíðan er á sínum stað en umsjón með henni annast Eiríkur Einarsson.

Nýtt embætti spjaldskrárritari var stofnað innan stjórnar, en hann sér um félagatal, tölvupóstföng og tölvupóstsendingar.

Aðalfundur Landssambands stangaveiðifélaga var haldinn laugardaginn 10. nóvember 2001 í félagsheimili Stangaveiðifélags Keflavíkur. Milli 40 og 50 fulltrúar helstu aðildarfélaga mættu, þar af fjórir fulltrúar Ármanna.

Auk almennra aðalfundarstarfa greindi Kristján Guðjónsson frá starfi Veiðimálanefndar og fulltrúar aðildarfélaganna fluttu fréttir af starfi félaganna.

Samþykkt var tillaga frá stjórn LS þess eðlis að unnið skyldi að undirbúningi þess að koma á fiskikortakerfi til að tryggja rekstrargrunn LS í þágu stangaveiðimanna.

LS veitti Eyþór Sigmundssyni Hákonar-bíkarinn fyrir stærsta fluguveidda lax sumarsins. Að formlegum aðalfundi loknum flutti Guðni Guðbergsson fregnir af veiðisumrinu 2001 og Þröstur Elliðason fjallaði um laxarækt og möguleika á því sviði. Stangaveiðifélagi Keflavíkur eru þakkaðar góðar móttökur.

Að lokum vil ég þakka nefndar- og stjórnarmönnum, ritstjóra Áróðs og öllum þeim félagsmönnum sem hafa lagt félaginu lið á liðnu starfsári óeigingjarnt starf og stuðning.

## Ræða á þorrablóti Ármanna 1. febrúar 2002

Þegar ég fór að hugsa um það hvern fjandann ég ætti eiginlega að segja hérna í kvöld, varð ég alveg blankur. Hvað er eiginlega að fréttá? Hvað hefur eiginlega gerst? Jú, ég gæti sagt ykkur að ég er fluttur norður til Akureyrar og á eftir að sakna ykkar, en hvern varðar svo sem um það? Er við hæfi að beina sjónum að sjálfum sér, vera væminn og tilfinningaríkur, á íslensku þorrablóti? Ég held nú síður! Hér eiga menn að slást og reka hver öðrum kjaftshögg - þótt ekki væri nema í orði.

En fyrst það hefur ekkert markvert gerst og það er ekki frá neinu sérstöku að segja, þá hugleiddi ég hvort ekki væri bara hægt að vera svolítið krassandi. Og þá fór ég að hugsa - loksins.

Síðast þegar ég talaði á þessum vettvangi blótaði ég stjórnarmönnum fyrir að láta mig ekki hafa nákvæmlega öll þau veiðileyfi sem ég óskaði eftir - og það var eins og við manninn mælt, skömmu síðar fékk ég harðorðar ávitur fyrir spillingu og frekju - bæði á netinu og í símtöllum - og mig fór að gruna að Ármenn þyrftu að rækta með sér fleira en fluguveiði, kannski kaupa líka slatta í poka af innsæi í mislukkaðan húmor.

Ég var sakaður um klíkuskap og mafu-taktík. Auðvitað lagði ég á flotta með skottið á milli föta og þess vegna taldi ég - vegna uppreisnargirni minnar og helbers asnaskapar - að núna í kvöld væri langbest að halda áfram á sömu braut. Ég gæti haldið mig við gömlu góðu klíkuna og kannski talað aðeins um veiðifélaga mína, þótt þeir séu sárafair og misjafnlega skemmtilegir.

En síðan var því hvíslað að mér að best væri að vera bara svolítið léttur og skemmtilegur - og þá féll mér allur ketill í eld. Ég hringdi án tafar í formanninn - sem þá var - og baðst undan því að gaspra hérna í kvöld. Og þess vegna hafði ég hugsað mér að þessi ræða yrði ekki lengri. En bölváður formaðurinn brást hinn versti við, sagði að nú væri of seint að bakka út - en það væri svo sem eftir mér að reyna að eyðileggja allt fyrir félögum mínum í Ármönnum. Það hefði hann margreynt, að einmitt á þeim vettvangi lægju hæfi-

leikar mínir - og mér varð hugsað til baka - jú, víst er það rétt - allur klíkuskapurinn.

Því var það að ég settist niður við tölvuna mína núna fyrir tveimur dögum, í yndislegri sumarblíðu norður á Akureyri, við og dillandi fuglasöng í brakandi þurrki og sólskíni sem þar er eilíft - og ákvað að nú væri að duga eða drepast. Líklega væri eftir allt heillavænlegast að segja skemmtisögur af veiðiferðum síðasta sumars.

Mér varð hugsað til veiðifélaganna...

En þá fyrst fór líka verulega að syrtá í álinn. Hvers lags kompaní er þetta eiginlega? Hvað eru þessir menn að vilja mér eða ég þá þeim?

Það gerist aldrei neitt skemmtilegt í veiðiferðum með félögum mínum - það er örugglega ekki mér að kenna - eflaust gæti orðið mjög gaman, bara ef ég ætti einhverja aðra veiðifélaga.

Og hvers vegna segi ég það?

Jú, þetta eru allt svona kallar sem eru stanslaust uppteknir af sjálfum sér og ef þeir eru ekki uppteknir af sjálfum sér, þá er það helst að þeir séu helteknir af því að stríða vinum sínum og gera lítið úr þeim - þeir verða einhvern veginn þúkalegir í framan og fara að haga sér eins og smástrákar.

Nema hvað?!

Því hefur nefnilega verið haldið fram, á fleiri stöðum en einum, að þessir blessuðu veiðimenn séu upp til hópa karlar sem þurfa að fara út að leika - komast burt frá konu og börnum, komast burt frá heimili og gluggapósti, og fara út að leika með hinum strákunum. Þið munið... dingdong, viltu koma út að leika?

Jújú, kann að vera, en guði sé þá lof fyrir konurnar sem stunda veiðina. Og bara að þær væru svolítið fleiri - það myndi bæta heildarmyndina og gera meðaltal allra veiðimanna einhvern veginn miklu betra.

Þess vegna fékk ég bakþanka enn á ný og ákvað að hætta við að tala um skemmtilega veiðifélaga og ákvað að snúa mér frekar að rómantikinni, tala um ískaldan Eiríksjökul og eitthvað sætt.



**Veiðihornið Hafnarstræti býður fluguhnýturum mjög gott úrval af hnýtingaefni á góðu verði. Opið allan daginn, alla daga vikunnar. Og nú líka á netinu: [www.veidihornid.is](http://www.veidihornid.is)**

## Úthlutun í Miðfjarðará 2002

Dagar	1. stöng	2. stöng		Verð á stöng
24. júlí – 25. júlí	614	348	1,5 dagur	11.250,-
25. júlí – 26. júlí	667	664	1,5 dagur	11.250,-
06. ágúst – 07. ágúst	600	505	1,5 dagur	11.250,-
07. ágúst – 08. ágúst	467	467	1,5 dagur	11.250,-
12. ágúst – 13. ágúst			1,5 dagur	11.250,-
13. ágúst – 14. ágúst			1,5 dagur	11.250,-
15. ágúst – 13. ágúst			2 dagar	14.800,-

## Úthlutun í Grímsá 2002

1	362	6	590/668
2	606	7	349/73
3	466	8	301/303
4	366/564	9	Laus
5	566/633	10	Laus

## Úthlutun í Vatnsdalsá 2002

1	387	6	349
2	40	7	369
3	386	8	511
4	566	9	669
5	73	10	670

**www.flugur.is**

Sérstakar þakkir vil ég flytja þeim sem nú ljúka stjórnasetu samkvæmt reglum félagsins en það eru Ágúst Úlfar Sigurðsson, Þórhallur Vilhjálmsson og Guðmundur Haukur Jónsson.

Einnig vil ég þakka þeim Eiríki Einarsyni og Hjálmari Bjarnasyni þeirra störf, en þeir hafa beðið um lausn frá stjórnasetu og vænti ég þess að beiðni þeirra verði tekin til greina á fundinum hér á eftir og aðrir menn kosnir í þeirra stað.

Það hefur verið ánægjulegt og lærdómsríkt að vinna með þessum mönnum öllum í stjórn Ármanna og ekki síður með og fyrir ykkur félagsmenn góðir.

Ég þakka fyrir gott hljóð og gef fundarstjóra orðið.

Hannes Jóhannsson # 580

## Úthlutun í Skálmardalsá 2002

Dagar	1. stöng	2. stöng	3. stöng	Verð pr. stangaardag
11. júlí – 14. júlí				5.000,-
14. júlí – 17. júlí				5.000,-
17. júlí – 20. júlí				6.000,-
23. júlí – 26. júlí				6.000,-
29. júlí – 1. ágúst	652	657	665	6.000,-
4. ágúst – 7. ágúst	115	115	115	6.000,-
7. ágúst – 10. ágúst	425	425	425	6.000,-
13. ágúst – 16. ágúst	386	83	406	6.000,-
16. ágúst – 19. ágúst				6.000,-
19. ágúst – 22. ágúst				6.000,-
22. ágúst – 25. ágúst				5.500,-,-
25. ágúst – 28. ágúst				5.500,-,-
28. ágúst – 31. ágúst				5.500,-,-
31. ágúst – 3. septem.				5.500,-,-
3. sept. – 6. sept.				5.000,-
6. sept. – 9. sept.				5.000,-
9. sept. – 12. sept.				5.000,-

Hlíðarvatn 2002, 3 stangir alla daga. Verð kr. 1500, virka daga, kr. 2000,- helga daga. Ath. lækkað verð frá 25. ágúst til septemberloka, virkur d. kr. 1100,- helgar d. kr. 1.500,-					
Dag s.	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	September
	Ármenn nr.	Ármenn nr.	Ármenn nr.	Ármenn nr.	Ármenn nr.
1	28	574/594/658	537	299	524
2	342	632/632/541	549	308	589
3	490	364	535	578	664
4	634/634/636	119	368	629	667
5	654/654/656	627	357		665
6	285	583/616/512	618		301
7	315	592	315	633	406
8	549	337/337/661	376	321	662
9	396	650/650/666	512	386	
10	628	239	627	439	
11	314/314/385	308/357/299	478	588	606
12	478/478/639	544	424/425/456	337	
13	407	206/206/275	649		2
14	249	97/272/11	540		492
15	230/249/341	399	400	639	666/650/
16	300	511	586	556	515
17	451	496/496/253	2	460	425
18	383/447/448	373/373/138		636	633
19	301/302/303	387	510	594	
20	424/424/456	417	491	407	
21	492	367	63	341/246/230	362
22	150	535	668/590/	275	658
23	339/340/402	587	657	574	
24	494/547/563	586	314	493	386
25	160/317/582	281	206	635	549
26	578/580/629	515	633	654	382
27	368/382/400	130	316	40	
28	214	623/625/623	587	120	73
29	234	555/449/369	574		253
30	454	537	511		Nefnd lokar
31	428		628	515	

Úthlutun í Grenlæk 2002					
Dags	1. stöng	2. stöng	3. stöng	4. stöng	Verð pr. st.d.
09.05-11.05	348	607	614	651	14.000
11.05-13.05					14.000
18.05-20.05	2	2	2	2	11.000
20.05-22.05					11.000
22.05-24.05					8.000
24.05-26.05	629	629	629	629	8.000
03.06.-05.06	642	642	642	642	5.500
05.06-07.06					5.500
07.06-09.06	119	119	119	119	5.500
09.06-11.06	396	396	396	396	5.500
18.06-20.06					5.500
20.06-23.06					5.500
23.06-25.06	645	645			5.500
03.07-05.07					5.500
05.07-07.07	650	666			5.500
07.07-09.07					5.500
09.07-11.07					5.500
18.07-21.07					5.500
21.07-23.07					6.000
23.07-25.07					6.000
25.07-27.07	440	440	440	440	7.000
03.08-05.08					7.000
05.08-07.08					7.000
07.08-09.08					7.000
09.08-11.08	293	293	293	293	7.500
19.08-21.08	490	490	490	490	7.500
21.08-23.08					7.500
23.08-26.08	524	556	559	589	7.500
03.09-05.09					9.000
05.09-07.09	669	670			9.000
07.09-09.09	523	523	653	653	9.000
09.09-11.09	623	623	623	623	9.000
18.09-20.09					9.000
20.09-23.09	664	664	667	667	9.000
23.09-25.09	606	606	606	606	9.000
03.10-05.10					8.000
05.10-07.10	590	590	590		8.000
07.10-09.10	607	651			7.500
14.10-16.10					7.500
16.10-18.10					7.000